

VI. KAFLI
Lokaákvæði.

20. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í V. ákvæði til bráðabirgða í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum, sbr. 27. gr. laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, nr. 144/1995, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar eftir gildistöku þessara reglna skal skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóds hlutast til um að vinnumiðlanir kynni hlutaðeigandi aðilum þær. Sérstaklega skal vekja athygli á umsóknarfrestum, sbr. 11. gr.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. febrúar 1996.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.

7. febrúar 1996

Nr. 114

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Skútustaðahrepp árið 1996.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) *Íbúðir.*

Sorphirðugjald kr. 2.500 á íbúð.

B) *Fyrirtæki.*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur a) kr. 2.500

" b) kr. 15.000

" c) kr. 30.000

" d) kr. 60.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 7. febrúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir